

3. fundur Skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga haldinn í Miðjunni á Hellu 17. maí kl. 11.00 að staðartíma.

Mætt: Nánna Jónsdóttir, Ísólfr Gylfi Pálmason, sem skráði fundargerð, Ágúst Sigurðsson, formaður sem setti fund og stjórnarði honum. Þá voru einnig mætt Sigríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri og Guðjón Halldór Óskarsson, fulltrúi kennara og Guðmundur Einarsson, endurskoðandi hjá KPMG sem kynnr lykiltölur ársreiknings. Gengið var til dagskrár:

1. Ársreikningur Tónlistarskóla Rangæinga –

Rekstur:

Rekstrartekjur	Kr. 86.783.354,-
Rekstrargjöld	Kr. 90.059.785,-
Fjármunatekjur	562.313
Rekstrarniðurstaða, halli	kr. (2.714.118,-)

Efnahagsreikningur

Eignir:

Varanlegir rekstrarfjármunir	Kr. 14.839.313,-
Veltufjármunir	Kr. 29.297.025,-

Eignir samtals **Kr. 44.136.338,-**

Eigið fé Kr. 3.636.050,-

Skuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar	Kr. 33.082.471,-
Skammtímaskuldir	Kr. 7.417.817,-
Skuldir og skuldbindingar samtals	Kr. 40.500.288,-

Eigið fé og skuldir samtals **Kr. 44.136.338,-**

Sjóðstreymisyfirlit

Veltufé frá rekstri	Kr. 1.489.578,-
Handbært fé til rekstrar	Kr.(8.028.169,-)
Fjárfestingahreyfingar	Kr.(3.029.894)
Handbært fé í árslok	Kr.16.681.554,-

Að öðru leyti er vísað til ársreiknings Tónlistarskóla Rangæinga 2016. Reikningurinn samþykktur samhljóða.

2. Skóladagatal Tónlistarskóla Rangæinga 2017-2018

Skólastjóri lagði fram skóladagatal og kynnti. Starfsdagar hefjast 21 ágúst en kennsla hefst í skólanum 24. ágúst – kennslu lýkur síðan 16. maí 2018. Lögð er áhersla á að skóladagatalið verði unnið í góðri samvinnu við Hvolsskóla, Helluskóla og Laugalandsskóla en það er mjög nauðsynlegt að sem allra best samskipti sé milli þessara stofnana. Gert er ráð fyrir samvinnu skólanna á Degi læsis og Degi Íslenskrar tungu. Að öðru leyti er vísað til framlagðs skóladagatals. Kennsluvikur skólans eru 33.8 og skóladagar nemenda 169. Skóladagatal samþykkt samhljóða.

Skólanefnd þakkar skólastjóra, kennurum, starfsmönnum og nemendum skólans fyrir metnaðurfullt og gott starf á starfsárinu. Fundi slitið kl 11.30. (Í lok fundar ver aðstaða í Laufskálum 2 skoðuð).